

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 17. febrúar 1981

um breytingu á 2. hluta II. viðauka tilskipunar 72/276/EBE um samræmingu á lög-
um aðildarríkjanna um tiltekna aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr
tveimur efnum

(81/75/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
einkum 100. gr.,

1. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

Sérstökum aðferðum nr. 14 og nr. 15, sem settar eru fram í
viðauka við tilskipun þessa, er hér með bætt við 2. hluta í
II. viðauka við tilskipun 72/276/EBE.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

2. gr.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar-
innar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun ráðsins 71/307/EBE frá 26. júlí 1971 um sam-
ræmingu á lögum aðildarríkjanna um textílfleiti ⁽⁴⁾ er kveðið
á um merkingarskyldu með upplýsingum um trefjainnihald
textílfvara.

1. Aðildarríkin skulu leiða í lög nauðsynleg ákvæði til að
fara að tilskipun þessari innan eins árs frá birtingu hennar
og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Í tilskipun ráðsins 72/276/EBE frá 17. júlí 1972 um sam-
ræmingu á lögum aðildarríkjanna um tiltekna aðferðir við
magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum ⁽⁵⁾, á
grundvelli 13. gr. tilskipunar 71/307/EBE, er mælt fyrir
um þrettán samræmdar greiningaraðferðir fyrir flestar text-
ílvörur samsettar úr tveimur efnum sem eru á markaðinum.

2. Strax og tilkynnt hefur verið um tilskipun þessa skulu
aðildarríkin einnig láta framkvæmdastjórnina vita um hver
þau drög að lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem þau
hyggjast samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tek-
ur til svo að hún geti lagt fram athugasemdir í tæka tíð.

3. gr.

Í tilskipun 72/276/EBE er ekki fjallað um textílvörur úr pó-
lýprópýlentrefjum og öðrum tilteknum trefjum ásamt vörum
úr klórtrefjum sem byggðar eru á samfjöllliðum úr vínýl-
klóríði og öðrum tilteknum trefjum sem merkingarskylda
nær einnig til og kveðið er á um í tilskipun 71/307/EBE.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. febrúar 1981.

Fyrir hönd ráðsins,

D. F. van der MEI

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 283, 13. 11. 1979, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 117, 12. 5. 1980, bls. 80.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 113, 7. 5. 1980, bls. 35.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 185, 16. 8. 1971, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 173, 31. 7. 1972, bls. 1.

VIÐAUKI

AÐFERÐIR VIÐ MAGNGREININGU TILTEKINNA TREFJABLANDNA ÚR TVEIMUR EFNUM

AÐFERÐ NR. 14

PÓLYPRÓPÝLENTREFJAR OG AÐRAR TILTEKNAR TREFJAR

(Aðferð þar sem xylen er notað)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, við blöndur úr tveimur efnum:

1. pólýprópýlentreffjum (31)

og

2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), asetati (17), kúpró (19), módal (20), þríasetati (22), viskósu (23), akríl (24), „pólýamíði“ eða „næloni“ (28), pólýester (29) og glertrefjum (38).

2. MEGINREGLA

Pólýprópýlentreffjarnar, í þekktu, þurru efnismagni af blöndunni, eru leystar upp með sjóðandi xyleni. Óleysanlega hlutanum er safnað saman, hann þvegin, þurrkaður og veigin. Efnismagnið, leiðrétt ef nauðsyn krefur, er birt sem hundraðshluti þurrs efnismagns blöndunnar. Hundraðshluti pólýprópýlens er reiknaður út sem mismunur.

3. BÚNAÐUR OG HVARFEFNI (önnur en þau sem tilgreind eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1 Búnaður

i) Minnst 200 ml Erlenmeyerkolbur með glertappa.

ii) Endurstreymispéttir (hentugur fyrir vökva með hátt suðumark) sem passar fyrir Erlenmeyerkolburnar í i).

3.2 Hvarfefni

Xylen sem eimast við 137 til 142 °C.

Athugið:

Hvarfefni þetta er mjög eldfimt og hefur eittraða uppgef়un. Gera skal viðeigandi varúðarráðstafanir við notkun þess.

4. VINNUAÐFERÐ VIÐ PRÓFUN

Fylgið aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og haldið áfram sem hér segir:

Bætið við sýnið sem Erlenmeyerkolban inniheldur (3.1.i)) 100 ml af xyleni (3.2) fyrir hvert gramm af sýninu. Tengid þéttinn (3.1.ii)), hitið innihaldið að suðu og haldið við suðumark í þrjár mínútur. Hellið heitum vökvanum strax í gegnum vegna sífudeiglu (sjá 1. athugasemd). Endurtakið meðferðina tvisvar sinnum til viðbótar og notið nýjan 50 ml skammt af leysiefninu í hvert sinn.

Skolið óleysanlega hlutann í kolbunni tvisvar með 30 ml af sjóðandi xyleni, þá tvisvar með 75 ml af lágsuðukolvetnablöndu (I.3.2.1 í almennu leiðbeiningunum). Síið, að aflökinni síðari skolun með kolvetnablöndu, innihald kolbunnar gegnum deigluna, færið allar óuppleystar trefjar yfir í deigluna og notið til þess smáskammt af kolvetnablöndu og látið leysiefnið gufa upp. Þurrkið deigluna og óleysanlega hlutann, kælið og vigtið.

Athugasemdir:

1. Súdeiglan sem hella á xyleninu í gegnum skal forhituð.
2. Gangið úr skugga um, að aflokinni meðferðinni með sjóðandi xyleni, að kolban sem inniheldur óleysanlega hlutann sé kæld nægilega niður áður en kolvetnablöndunni er hellt yfir.
3. Til að draga úr brunahættu og hættu á eitrun fyrir rannsóknarmenn er heimilt að nota heitan skiljunarbúnað þar sem beitt er viðeigandi aðferðum sem gefa sömu niðurstöður ⁽¹⁾.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reiknið niðurstöður út á þann hátt sem lýst er í almennu leiðbeiningunum. Gildi d er 1,00.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fengnar eru með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.

AÐFERÐ NR. 15

KLÓRTREFJAR (SAMFJÖLLIÐUR ÚR VÍNÝLKLÓRÍÐI) OG AÐRAR TILTEKNAR TREFJAR

(Aðferð þar sem óblönduð brennisteinssýra er notuð)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, við blöndur úr tveimur efnum:

1. klórtrefjum (25) sem byggðar eru á samfjöllliðum úr vínýlklóríði (klórbornar eftir á eða ekki)

og

2. baðmull (5), asetati (17), kúpró (19), módal (20), þríasetati (22), viskósu (23), tilteknum akríflum (24), tilteknum módakríflum (27), „pólýamíði“ eða „næloni“ (28) og pólýester (29).

Móðakríflar þeir sem um ræðir eru þeir sem gefa tæra lausn eftir að hafa verið sökkt ofan í óblandaða brennisteinssýru (hlutfallslegur eðlismassi 1,84 við 20 °C).

Unnt er að nota þessa aðferð í stað aðferða nr. 8 og nr. 9.

2. MEGINREGLA

Efnisþátturinn, að klórtrefjunum undanskildum (þ.e. þær trefjar sem tilteknar eru í 2. atriði 1. mgr.), í þekktu, þurru efnismagni af blöndunni, eru leystar upp með óblandaðri brennisteinssýru (hlutfallslegur eðlismassi 1,84 við 20 °C). Óleysanlega hlutanum, sem samanstendur af klórtrefjum, er safnað saman, hann þveginn, þurrkaður og veginn. Efnismagnið, leiðrétt ef nauðsyn krefur, er gefið til kynna sem hundraðshluti þurrs efnismagns blöndunnar. Hundraðshluti hins efnisþáttarinnar er reiknaður út sem mismunur.

3. BÚNAÐUR OG HVARFEFNI (önnur en þau sem tilgreind eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1 Búnaður

- i) Minnst 200 ml Erlenmeyerkolbur með glertappa.

- ii) Glerspaði.

⁽¹⁾ Sjá t.d. búnað þann sem lýst er í „Melliand Textilberichte“ 56 (1975), bls. 643 – 645.

3.2 Hvarfefni

- i) Brennisteinssýra, óblönduð (hlutfallslegur eðlismassi 1,84 við 20 °C).
- ii) Brennisteinssýra, um það bil 50% vatnslausn (m/m).
Lagið með því að bæta varlega og undir kælingu 400 ml af brennisteinssýru (hlutfallslegur eðlismassi 1,84 við 20 °C) við 500 ml af eimuðu vatni eða afjónuðu. Þynnið lausnina með vatni að einum lítra eftir að hún hefur kólnað niður í stofuhita.
- iii) Ammóníak, þynnt lausn.
Þynnið 60 ml af óblandaðri ammóníakslausn (hlutfallslegur eðlismassi 0,880 við 20 °C) með eimuðu vatni að einum lítra.

4. VINNUAÐFERÐ VIÐ PRÓFUN

Fylgið aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og haldið áfram sem hér segir:

Bætið við sýnið í kolbunni (3.1.i)) 100 ml af brennisteinssýru (3.2.i)) fyrir hvert gramm af sýninu.

Látið innihald kolbunnar standa í tíu mínútur við stofuhita og hrærið í sýninu við og við á þeim tíma með glerspaðanum. Sé ofið eða þrjónað efni til meðhöndlunar skal þrýsta því að glerinu með glerspaðanum til þess að skilja frá efnið sem uppleyst er í brennisteinssýrunni.

Hellið vökvann um í vegna síudeiglu. Bætið í kolbuna nýjum 100 ml skammti af brennisteinssýru (3.2.i)) og endurtakið meðferðina. Hellið innihaldi kolbunnar yfir í síudeigluna og notið við það glerspaðann á óuppleystar trefjarnar. Bætið, ef nauðsyn krefur, smáskammti af óblandaðri brennisteinssýru (3.2.i)) í kolbuna til þess að fjarlægja trefjar sem loða við glerið. Þurrkið síudeigluna með loftsogi. Fjarlægið síaða vökvann með því að tæma kolbuna með síunni eða skipta um kolbu. Skolið óleysanlega hlutann í deiglu síðan með 50% brennisteinssýrulausn (3.2.ii), eimuðu vatni eða afjónuðu (1.3.2.3 í almennu leiðbeiningunum), ammóníakslausn (3.2.iii)) og skolið að lokum vandlega með eimuðu vatni eða afjónuðu, þannig að deiglan sé þurrkuð með loftsogi eftir hverja skolun. (Beitið ekki loftsogi meðan á skolun stendur heldur einungis eftir að vökvinn hefur síast í gegn án loftsogs.)

Þurrkið deigluna og óleysanlega hlutann, kælið og vigtið.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reiknið niðurstöður út á þann hátt sem lýst er í almennu leiðbeiningunum. Gildi d er 1,00.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fengnar eru með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig.